



Ósjálfrátt

Auður Jónsdóttir

Download now

Read Online ➞

Ósjálfrátt

Auður Jónsdóttir

Ósjálfrátt Auður Jónsdóttir

Viltu ekki fara frá þessum manni? Setningin skellur á hlustunum; hún heyrir hvað amma segir en hverju á hún að svara? Ef þér er alveg fyrirmunað að hugsa um sjálfa þig, viltu þá gera það fyrir mig að hugsa um skáldsöguna þína?

Dag einn vaknar Eyja í sjávarþorpi vestur á landi, nýgift drykkfelldum karli sem er tuttugu árum eldri en hún. Þau búa á rauðu svæði, örfáum skrefum frá rústunum þar sem snjóflóð féll skömmu áður og hreif með sér nítján mannslíf.

Röskar konur taka höndum saman til að koma ungu konunni frá eiginmanninum og í annað land, í samfloti með skíðadrottningu sem á ekki til orðið uppgjöf í orðaforða sínum. Löngu síðar skrifar Eyja sig aftur á sama stað til að reyna að skilja fortíðina, skáldskapinn í lífinu, fjölskyldu sína og þýðingu þess að vera skáldkona. En fyrst og fremst allar sögurnar sem lífið gefur okkur og sem við megum ekki láta gleymast.

Ósjálfrátt Details

Date : Published November 2012 by Mál og menning

ISBN : 9789979333289

Author : Auður Jónsdóttir

Format : Hardcover 381 pages

Genre : Fiction

 [Download Ósjálfrátt ...pdf](#)

 [Read Online Ósjálfrátt ...pdf](#)

Download and Read Free Online Ósjálfrátt Auður Jónsdóttir

From Reader Review Ósjálfrátt for online ebook

Sigfríður Guðjónsdóttir says

Bókin kom út árið 2012 og er skáldsöguleg ævisaga höfundar og fjölskyldu hennar. Eins og Auði einni er lagið ægir þarna saman eftirminnilegum sögupersónum og lygilegum aðstæðum þar sem tíminn gengur fram og aftur og maður veit stundum ekkert hvar maður er staddur. Sumir kaflarnir geta staðið sjálfstætt sem smásögur og það eru alltaf mikið í gangi. Auður segir voða skemmtilega frá og frásögnin verður oft mjög lifandi og skemmtileg en ég á soldið bágð með svona kaos. Þetta er 3ja bókin sem ég les eftir hana, búin með Fólkið í kjallaranum og Vetrarsól og uppbyggingin er alltaf svipuð og brjáláð að gera. Ég get alveg mælt með Ósjálfrátt fyrir þá sem eiga auðvelt með að lesa bækur með svona uppbyggingu en ég held að þetta verði mín síðasta bók eftir Auði í bili amk.

Thorunn says

Frábær bók, átti einhvern vegin ekki von á því þannig að hún kom verulega á óvart. Miklu meira bókmenntaverk en ég hélt, það að hún byggir á sjálfsævisögu höfundar truflar mann ekkert.

Kristín says

Frábær bók!

Asdis Gudmundsdóttir says

Þessi bók er með allra bestu bókum eftir íslenskan höfund sem ég hef lesið. Textinn er þannig að maður smjattar á honum, les setninguna aftur og aftur, bara til að finna góða bragðið. Auður tekur hér á fjölskyldumeinum sem má finna í margri fjölskyldunni, áfengissýki og systur hennar, meðvirkninni. Þetta gerir hún á auðmjúkan, varfærin en umfram allt með kómískum hætti. Þessa bók á ég eftir að lesa aftur og eflaust aftur.

Páll says

Auður segir frá uppvaxtarárum sínum í fyrri lífi, ef svo má að orði komast, á hreinskilinn og opinskánn hátt. Ég tengdi sérstaklega við flæðið í textanum og hvernig hún lýsir því hvernig hún fann sína eigin rödd sem rithöfundur.

Ásta Halldóra says

Skondin og sorgleg fjölskyldusaga sem flestir geta fundið eitthvað að fjölskyldunni sinni í. Kaflinn um fyrsta kvennfrídag nóbelskáldsins verður lengi í minnum hafður. Ætli ég muni ekki helst muna þessa bók fyrir það hversu mikið var drukkið í henni og ennþá meira reykt.

Annars hefði síðasti 1/4 hluti sögunar mátt vera betur unninn. Afhverju að fjalla allt í einu um hina ömmunna án þess að gera því í raun almennileg skil. Það er líkt og höfundurinn hafi ekki vilja skilja föðurfjölskyldunni útundan en hafi haft takmarkað áhuga eða tíma til að skrifa um hana.

Skuli Saeland says

Ég byrjaði að lesa þessa bók vegna þess að hún var ein af febrúarbókum leshringsins á Spyr.is. Þar voru eftirfarandi spurningar lagðar fyrir lesendur bókarinnar af Silju Aðalsteinsdóttur ritstjóra hjá Forlaginu:

1. Ósjálfrátt er greinilega byggð á lífi höfundarins, Auður Jónsdóttur, og hún þykir ganga býsna nærri sínu fólki. Finnst þér hún of grimm við sína nánustu?
2. Hvernig myndir þú lýsa stíl og frásagnarhætti sögunnar? Er hann „venjulegur“ að þínu mati?
3. Gætir þú hugsað þér að verða vinkona Eyju eftir lestur bókarinnar?

Auður hefur viðurkennt að bókin byggir að vissu leyti á ævi hennar sjálfrar og eftir að hafa lesið bókina verð ég að taka undir það að Auður talar opinskátt og óvægið um sína nánustu. Málið með ævisögur er að þær eru lesnar af forvitnum til að hnýsast um hagi viðkomandi. Þessi er hins vegar með skáldaleyfi svo að ekki er hægt að fullyrða hvar skáldaleyfið byrjar og hvar það endar. Óvægnar lýsingar Auðar um sína nánustu fannst mér þó öllu frekar vera hreinskilni alkans sem þarf að fara í gegnum líf sitt, taka á sig ábyrgð fyrir syndum sínum en sömuleiðis afneita þeim sem aðrir hafa lagt á herðar viðkomandi. Þú getur ekki staðið beinn nema þú losir þig við byrðar annara af herðum þínum.

Það er ljóst að ég get aldrei orðið "vinkona" Eyju en undir lokin er sú Eyja sem birtist okkur mun dýpri, skilningsríkari og gjafmildari persóna en sú sem lesandinn kynnist við upphaf bókarinnar. Heilsteyptari en um leið nógu meðvituð um að gefa ekki um of af sér.

Auður fékk Fjöruverðlaunin og í umsögninni þar var hún lofuð fyrir lýsingu sína á þroskasögu rithöfundar. Það má vera en mér fannst það ávallt vera aukaatriði. Í mínum augum fannst mér Auður vera að skrifa sig frá syndum fortíðarinnar.

Anna Kristín says

Mjög fín bók og skemmtileg. Fólkið er trúverðugt og gaman að reyna að geta í eyðurnar hvað sé satt og hvað er skáldskapur. Auður hefur verið að eflast sem rithöfundur með hverri bók og ég verð að segja að með þessari bók skaut hún sér í það sæti að verða minn uppáhalds íslenski höfundur.

Sara says

Frábær bók! „Þegar kvenmaður skrifar um sitt innra líf er það tjukk-litt, þegar karlmaður skrifar um sitt innra líf er það litteratúr í anda tilvistarstefnu.“ Litróf manneskjunnar í þessari sögu, dysfunctional fjölskyldan og

viðstöðulaus sjálfsefinn allt um kring. Frábær bók! Ég segi það tvisvar.

Guðrún Jóhannsdóttir says

Mjög góð bók, leiftrar af húmor og lífsgleði og er skrifuð af virðingu og nærgætni við sögupersónurnar þó ekkert sé verið að fela breyskleika þeirra.

Mist Rúnarsdóttir says

Ljómandi lestur. Besta bók Auðar so far.

Börkur Sigurbjörnsson says

Sagan er skemmtileg og persónurnar bæði áhugaverðar sem sannfærandi. Það tók mig talsverðan tíma að venjast því hvernig sögþráðurinn flakkaði fram og til baka í tíma. Það vandist þó upp úr miðri bók og ég gat klárað bókina án varanlegrar brenglunar á tímaskyninu.

Elín Lóa says

„Þegar kvenmaður skrifar um sitt innra líf er það tjikk-litt, þegar karlmaður skrifar um sitt innra líf er það litteratúr í anda tilvistarstefnu.“

Unnur Jokulsdóttir says

Meistaraverk

Silja Jóhannesdóttir says

Ég hef í mörg ár ætlað að lesa eitthvað eftir Auði en alltaf hengslast á því. Er afskaplega glöð að ég dreif loksins í því. Það er ótrúlega gott að lesa eftir hana. Manneskjulegur texti sem reynir á bæði vitsmunalega og andlega. Bókin hélt mér ekki fanginni en ég hlakkaði til að halda áfram eftir að taka mér smá pásur á milli. Persónulýsingar með því besta sem ég hef lesið.

Hlakka til að lesa meira.
